

Tillaga til 491. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. mars 2022

Tillaga frá 578. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 23. febrúar 2022, um bæjarstjórn heimili málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Ósk um breytingu á aðalskipulagi vegna færslu á Bolungarvíkurlínu 1 - 2021120010

Anna Sigga Lúðvíksdóttir hjá Landsneti óskar eftir að Ísafjarðarbær, skv. bréfi dags. 2. febrúar 2022, heimili óverulega breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020, í samræmi við 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að Bolungarvíkurlínu 1 er hnikað til vesturs á um 2.250 m kafla, mest um 400 m, á skipulagsuppdrætti.

Breytingatillagan er uppdráttur með greinargerð. Meðfylgjandi er uppfærður gátlisti Skipulagsstofnunar fyrir mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.